
Hvað er á seyði um helgina?



Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 24. febrúar 1980.

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14, altarisganga. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Messa kl. 14 að Norðurbrún 1. Sr. Grímur Grímsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Barnastarfið í Ölduselsskóla og Breiðholtsskóla kl. 10.30. Guðsþjónusta í Breiðholtsskóla kl. 14. Sr. Jón Bjarman.

BÚSTAÐAKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Barnakór Breiðagerðisskóla syngur. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Guðmundur Sveinsson predikar, kaffi og umræður eftir messu. Miðvikudagskvöld: Kirkjukvöld á föstu kl. 20.30. Dr. Gunnar Kristjánsson talar. Sr. Ólafur Skúlason dómprófastur.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14, altarisganga. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÓMKIRKJAN: Kl. 11 messa, sr. Erlendur Sigmundsson. Kl. 14 föstumessa, sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H., Friðriksson.

FELLA- og HÓLAPRESTAKALL: Laugardag: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14. Sunnudag: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11 f.h. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu að Keilufelli 1 kl. 14. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRENSÁSKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14 í umsjá Arnar B. Jónssonar djákna. Organleikari Jón G. Þórarinsson. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11, ferming og altarisganga. Fermd verður Anna Ingibjörg Ágústsdóttir, Bergþórugötu 14a. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Messa kl. 14. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Fyrirbænamessa þriðjudag kl. 10.30 árd. Föstumessa miðvikudag kl. 10.30. Kvöldbænir alla virka daga, nema miðvikudaga og laugardaga kl. 18.15. Munið kirkjuskóla barnanna á laugardögum kl. 2.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11 árd. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 14, sr. Tómas Sveinsson. Föstuguðsþjónusta fimmtudag 28. feb. kl. 20.30. Sr. Arngrímur Jónsson. Organleikari dr. Orthulf Prunner.

KÁRSNESPRESTAKALL: Fjölskylduguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11 árd. Fullorðnir eru hvattir til þess að koma með börnunum til guðsþjónustunnar. Sr. Árni Pálsson.

LANGHOLTSPRESTAKALL: Barnasamkoma kl. 11. Um stundina sjá Jón Stefánsson, Sigurður Sigurgeirsson, Kristján og sóknarpresturinn. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson, organleikari Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

LAUGARNESKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Þriðjudagur 26. febrúar Bænastund kl. 18. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: Barnasamkoma kl. 10.30. Guðsþjónusta kl. 14, kirkjukaffi. Sr. Frank M. Halldórsson. Félagsstarf aldraðra kl. 14 á laugardag. Farið verður á Listiðnaðarsýninguna á Kjarvalsstöðum. Kaffiveitingar. Fimmtudagur: Föstuguðsþjónusta kl. 20.30. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

SELTJARNARNESSÓKN: Barnasamkoma kl. 11 árd. í Félagsheimilinu. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Sunnudagur 24. febr. Messa kl. 14 e.h. Miðvikudagur 27. febrúar: Föstumessa kl. 20.30. Föstudagur 29. febrúar: Bænaguðsþjónusta kl. 17. Safnaðarprestur.

KIRKJA ÓHÁÐA SAFNAÐARINS: Messa kl. 11 árdegis, séra Grímur Grímsson messar í minn stað. Ath. breyttan messutíma. Séra Emil Björnsson.

DÓMKIRKJA Krists konungs Landakoti: Lágmessa kl. 8.30 árdegis. Hámessa kl. 10.30 árdegis. Lágmessa kl. 2.

FELLAHELLIR: Kaþólsk messa kl. 11 árdegis.

KAPELLA St. JÓSEPSSYSTRA Hafnarfirði: Hámessa kl. 2.

NÝJA POSTULAKIRKJAN, Háaleitisbraut 58. Messa verður á sunnudag kl. 11 og einnig kl. 17.

Fyrirlestrar

Háskólafyrirlestur

Dr. Shaun Hughes, prófessor í ensku við Purdue University í Indiana, Bandaríkjunum, flytur opinberan fyrirlestur í boði heimspekideildar Háskóla Íslands mánudaginn 25. febrúar 1980 kl. 17.15 í stofu 301 í Árnagarði.

Fyrirlesturinn fjallar um norræna goðafræði og nefnist: „Baldur og Loki". Hann verður fluttur á íslenzku. Öllum er heimill aðgangur.

Sýningar

Listasöfn





DJÚPIÐ, Hafnarstræti (matst. Hornið): Karl Júlíusson, „kassar". Opnar laugardag kl. 15 og stendur til 9. marz. Opið 10—23.30 alla daga. — Jasskvöld fimmtudaga.



FÍM-SALURINN, Laugarnesvegi 112: Guðbergur Auðunsson, málverk og collage. Opnar laugardag kl. 15 og stendur til 9. marz. Opið 17—22 virka daga og 14—22 um helgar.

SAFN EINARS JÓNSSONAR, Skólavörðuholti: Opið miðvikudaga og sunnudaga frá 13.30—16.

ÁRBÆJARSAFN: Opið samkvæmt umtali. Sími 84412 milli 9 og 10 alla virka daga.

HÖGGMYNDASAFN ÁSMUNDAR SVEINSSONAR: Opið þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. frá 13.30—16.

LISTASAFN ÍSLANDS: Málverk, höggmyndir, teikningar og grafík eftir innlenda og erlenda listamenn. Opið þriðjud., fimmtud. laugard. og sunnud. frá 13.30—16.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS: Opið þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. frá 13.30—16.

GALLERÍ GUÐMUNDAR, Bergstaðastræti 15: Málverk og teikningar eftir innlenda og erlenda listamenn. Opið alla daga.


ÁSGRÍMSSAFN, Bergstaðastræti 74: Ný skólasýning, málverk, vatnslitamyndir, teikningar. Opið þriðjud., fimmtud. og sunnud. frá 13.30—16.




BOGASALUR: Forvarsla textíla, textílviðgerðir. *Sýning á hannyrðum ýmiss konar. Opið 13.30—22 alla daga*

NORRÆNA HÚSIÐ: Hringur Jóhannesson, málverk og teikningar. Opnar laugardag. Anddyri: Hrefna Magnúsdóttir, batik.





KJARVALSSTAÐIR: Listiðn íslenzkra kvenna: vefnaður, gullsmíði, leirkerasmíði, útsaumur o.fl. Lýkur sunnudagskvöld. Opið 14—22 alla daga Tízkusýningar laugardag og sunnudag kl. 15—18. — Kjarvalssýning.



ASMUNDARSALUR v/Freyjugötu: Rónald Simonarson, málverk og teikningar. Lýkur sunnudagskvöld. Opið 14—22 alla daga.



Íþróttir

Íslandsmótið í handknattleik

FÖSTUDAGUR

AKRANES
ÍA-FH 2. fl. pilta kl. 19.45.

LAUGARDAGUR


KR-Fram, 1. d. karla, kl. 14.
HAFNARFJÖRÐUR
FH-Þór, Ak., 1. d. kvenna, kl. 14.
Haukar-Víkingur, 2. fl. pilta, kl. 15.
NJARÐVÍK
UMFG-KR, 1. d. kvenna, kl. 13.
VESTMANNAEYJAR
A-riðill, 2. fl. kvenna kl. 16.30—21.30.
SELFOSS.
C-riðill 5. fl. pilta kl. 10—18.

SUNNUDAGUR

VESTMANNAEYJAR
A-riðill 2. fl. kvenna kl. 9—13.
VARMÁ
HK-Þróttur, 2. fl. pilta, kl. 14.45.
UMFA-ÍA, 2. fl. pilta, kl. 15.30.
UMFA-ÍA, 2. d. kvenna, kl. 16.15.
UBK-Fram, 1. fl. kvenna, kl. 17.15.
KEFLAVÍK
ÍBK-Ármann 2. fl. pilta kl. 13.
LAUGARDALSHÖLL
Þróttur-UMFA, 2. dl. karla, kl. 14.
Víkingur-Valur, 1. d. karla, kl. 19.
Víkingur-Þór Ak., 1. d. kvenna, kl. 20.15.
Valur-Fram, 1. d. kvenna, kl. 21.15.
Víkingur-Valur, 1. fl. kvenna, kl. 22.15.

Boðganga í Skálafelli

Reykjavíkurmótið í 3×10-km boðgöngu á skíðum, verður haldið í Skálafelli laugardaginn 23. febrúar nk. og hefst kl. 13.30.



Skemmtistaðir

FÖSTUDAGUR

GLÆSIBÆR: Hljómsveitin Glæsir og diskótek.
HOLLYWOOD: Diskótek.
HÓTEL BORG: Framsækin rokktónlist og fleira. Plötukynnir Jón og Óskar frá Dísu.
HÓTEL SAGA: Súlnasalur: Einkasamkvæmi. Mímisbar: Gunnar Axelsson leikur á píanó. Stjörnusalur: Matur framreiddur fyrir matargesti. Snyrtilegur klæðnaður.
INGÓLFSCAFÉ: Gömlu dansarnir.
KLÚBBURINN: Hljómsveitin Goðgá.
LEIKHÚSKJALLARINN: Hljómsveitin Thalía.
ÓÐAL: Diskótek.
SIGTÚN: Hljómsveitin Pónik og diskótek. Grillbarinn opinn.
SNEKKJAN: Diskótek.
ÞÓRSCAFÉ: Hljómsveitin Galdrakarlar og diskótek. Matur framreiddur fyrir matargesti. Snyrtilegur klæðnaður.

LAUGARDAGUR

GLÆSIBÆR: Hljómsveitin Glæsir og diskótek.
HOLLYWOOD: Diskótek.
HÓTEL BORG: Framsækin rokktónlist og fleira. Plötukynnir Jón og Óskar frá Dísu.
HÓTEL SAGA: Súlnasalur: Hljómsveit Ragnar Bjarnasonar ásamt söngkonunni Maríu Helenu. **Mímisbar:** Gunnar Axelsson leikur á píanó. **Stjörnusalur:** Matur framreiddur fyrir matargesti. **Snyrtilegur klæðnaður.**
HREYFILSHÚSIÐ: Gömlu dansarnir.
KLÚBBURINN: Hljómsveitin Goðgá.
INGÓLFSCAFÉ: gömlu dansarnir.
LEIKHÚSKJALLARINN: Hljómsveitin Thalía.
LINDARBÆR: Gömlu dansarnir.
ÓÐAL: Diskótek.
SIGTÚN: Hljómsveitin Pónik. Bingó kl. 15.
SNEKKJAN: Diskótek.
TEMPLARAHÖLLIN: Félagsvist. Dansað á eftir.
ÞÓRSCAFÉ: Hljómsveitin Galdrakarlar og diskótek. Matur framreiddur fyrir matargesti. Snyrtilegur klæðnaður.

SUNNUDAGUR

GLÆSIBÆR: Hljómsveitin Glæsir.
HOLLYWOOD: Diskótek.
HÓTEL BORG: Hljómsveit Jóns Sigurðssonar ásamt söngkonunni Kristbjörgu Löve leikur gömlu dansana. Diskótekið Dísa leikur á milli.
HÓTEL SAGA: Súlnasalur: Samvinnuferðir með skemmtikvöld með mat. Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar ásamt söngkonunni Maríu Helenu leikur fyrir dansi. **Mímisbar:** Gunnar Axelsson leikur á píanó. **Stjörnusalur:** Matur framreiddur fyrir matargesti. **Snyrtilegur klæðnaður.**
LEIKHÚSKJALLARINN: Hljómsveitin Thalía.
ÓÐAL: Diskótek.
ÞÓRSCAFÉ: Hljómsveitin Galdrakarlar og diskótek. Matur framreiddur fyrir matargesti. Snyrtilegur klæðnaður.

Opið um helgina
KLÚBBURINN